


Learning Transfer in Adult Education: New Directions for Adult and Continuing Education by Leann M. R. Kaiser, Karen Kaminski og Dr. Jeffrey Foley. San francisco: Jossey-Bass, 2013. 104 blaðsíður, £ 23,99 (pappírskilja). Tilvitnanir í bókina: 1 samkvæmt Google scholar.



Mynd:

<https://ebookcentral.proquest.com>

Í þessum ritdómi mun ég fjalla um bókina Learning transfer in adult education: New directions for adult and continuing education eða Yfurfærsla lærdóms í fullorðinsfræðslu: nýjar leiðir fyrir fullorðna og framhaldsmenntun. Ástæðan fyrir að ég valdi þessa bók er að ég vildi kynna mér betur hvað kennari þarf að hafa í huga þegar hann skipuleggur kennslu þannig að þátttakendur séu líklegri til að nýta sér það sem þeir læra og tengja við líf sitt og starf. Að skipulag námskeiðsins sé þannig að hún ýti undir yfurfærslu lærdóms.

Ritstjórar bókarinnar eru þrír og hafa allir sérhæft sig í kennslu fullorðinna og starfað við Colorado State University. Leann M. R. Kaiser er lektor við kennaradeildina og sérhæfir sig í fullorðinsfræðslu og fjarkennslu.



Karen Kaminski er lektor við kennaradeildina og hefur sérhæft sig á sviði kenninga um nám fullorðinna, fjarkennslu, ummyndunarnám og námsferli.



Dr. Jeffrey M. Foley starfaði við kennaradeildina. Hans svið fullorðinsfræðsla, ferli og aðferðir auk ummyndunarnám og forysta.



Ritstjórar bókarinnar eru einnig höfundar kafla í bókinni auk annarra sérfræðinga á sviði fullorðinsfræðslu.

Myndir:

<http://www.soe.chhs.colostate.edu/faculty-staff>

Bókinni er skipt í 8 kafla þar sem á fjölbreyttan hátt er fjallað um yfirfærslu lærdóms. Í fyrstu greini ég frá innihaldi bókarinnar auk þessa að gera grein fyrir sjónarhorni ritstjóra/höfunda um tilgang bókarinnar. Að lokum mun ég gera grein fyrir markhópi bókarinnar, meta innihald; kosti og galla, og tengja við önnur fræði í fullorðinsfræðslu.

Tög: Fullorðinsfræðsla (*e. andragogy*), nám fullorðinna (*e. adult learning*), yfirfærsla lærdóms (*e. learning transfer*), vinnupallar (*e. scaffolding*), skema (*e. schema*).

Yfirfærsla lærdóms merkir að einstaklingur geti nýtt þá færni og þekkingu sem hann hefur lært að tileinka sér í einu umhverfi eða aðstæðum yfir í aðrar. Það er, í grundvallaratriðum, markmiðið með menntun. Með því að yfirfærsla sé höfð í huga við skipulagningu kennslu getum við aukið líkur á að nemendur geti samþætt nám sitt og líf. Ritstjórnarnir nálgast efnið út frá aðferðum byggðum á; tilraunum eða úrvinnslu vandamála, notkun tækni sem og að skoða niðurstöður úr rannsóknum á heila, áhrifum kynþáttar og menningar á yfirfærslu lærdóms og skilnings á persónulegum breytingum sem eiga sér stað við námið. Hver kafli bókarinnar býður sérfræðingum uppá sjónarhorn sem getur hjálpað við skipulagningu náms fyrir fullorðna með yfirfærslu lærdóms í huga og í síðasta kaflanum er að finna leiðsögn framkvæmdina. Þetta er bók númer 137 í Jossey – Bass seriunni, *New Directions Adult and Continuing Education*. Bækurnar eru þekktar fyrri dýpt sína í umfjöllun er varðar sameiginlega hagsmuni kennara, stjórnenda og ráðgjafa við skipulagningu náms fyrir fullorðna s.s. í framhaldskólum, háskólum og í fjarnkennslu.

Í kafla eitt gera þau Jeffrey, M Foley og Leann M. R. Kaiser grein fyrir hugtakinu yfirfærsla lærdóms (*e. learning transfer*). Þau greina frá tilgangi bókarinnar, hugtökum og sínu sjónarmiði á yfirfærslu lærdóms. Margir fara á námskeið og eftir situr ákeðin reynsla og þekking sem viðkomandi veltir fyrir sér í ákveðinn tíma en nýtir ekki endilega í lífi og starfi. Höfundar vilja meina að ástæðan sé fyrst og fremst sú að kennarar eru ekki að skipuleggja námskeið með yfirfærslu lærdóms í huga. Námskeið eru skipulögð með það að markmiði að kenna ákveðna

færni en það gleymist að skipuleggja kennslu um hvernig nota á þá færni, að taka næsta skref. Dæmi um slíka kennslu er námskeið fyrir fólk í atvinnuleit. Kennarinn kennir hvað þarf að hafa í huga þegar sótt er um starf; mikilvægi þess að skrifa góða umsókn, sýnir hvernig mögulegt er að sækja um starfið rafrænt og kennir hvað er mikilvægt að hafa í huga í atvinnuviðtölum. Efni námskeiðins er í glæruformi og þátttakendur fara heim með glærupakka sem inniheldur þessa nýju vitneskju. Námskeiðið var vel skipulagt og allir sammála um að þeir lærðu eitthvað en hvað svo? Þátttakendur fara heim, lesa glærurnar og eftir ákveðinn tíma er námskeiðið gleymt, þátttakendur jafnvel enn atvinnulausir og enn að hugsa um að sækja um starf. Ef skipuleggjandi námskeiðsins hefur yfirfærslu lærdóms í huga við skipulagningu kennslunnar eru, að mati höfunda, meiri líkur á að þátttakendur fari strax af stað í að sækja um störf.

Sérfræðingar um nám fullorðinna hafa lagt fram mismunandi skilgreiningar eða hugtök í tengslum við yfirfærslu lærdóms. Yfirfærsla sem er nálæg (*e. near transfer*) er fræðsla sem byggir á fyrri færni eða reynslu. Einstaklingur með próf á fólksbíl fer í viðbótarnám og lærir að keyra rútu eða vinnuvélar. Yfirfærsla sem er fjarlæg (*e. far transfer*) er fræðsla sem byggir á ákveðni þekkingu en það er ekki augljóst hvernig sú þekking nýtist. Sem dæmi gæti þátttakandi hafa lokið ákveðnu stærðfræði námi og fer á námskeið í rafeindafræði. Yfirfærsla náms sem er jákvæð (*e. positive transfer*) er þegar kennari og nemandi eru sammála um gangsemi námskeiðs en yfirfærsla náms sem er neikvæð (*e. negative transfer*) er þegar kennari og nemandi eru ekki sammála um gildi námskeiðs eða að nemandi hefur ekki skilning á því hvernig nýja þekkingin á að tengjast eða byggja ofan á fyrri nám eða reynslu.

Hindranir í yfirfærslu á námi (*e. barriers to learning transfer*) geta verið að þekking nemanda sé ekki nægjanleg miðað við skipulag námskeiðs, lítil hvating, sjálfstraust lítið og eftirfylgni og þjálfun takmörkuð s.s. verklegar æfingar svo hegðun breytist og færni aukist.

Almenn verkfæri sem kennarar nýta í kennslu og til að þátttakendur séu líklegri til að yfirfæra lærdóm sinn eru t.d. vinnupallar (*e. scaffolding*) þar sem gengið er út frá ákveðnu markmiði,

kennsla fer markvisst fram með fræðslu, æfingum, stuðningi til að efla sjálfstraust viðkomandi svo hann verði á endanum fær um að nýta þekkinguna í víðara samhengi. Skema (*e. schema*) er þegar kennari aðstoðar nemendur við að kortleggja eigin þekkingu sem tengist viðfangsefni námskeiðsins. Markviss speglun (*e. purposeful reflection*) er þegar kennari notar t.d. 10 síðustu mínúturnar í kennslustundinn til að fá nemendur til að spegla það sem þeir hafa lært við reynslu í starfi. Fleiri leiðir eru til að spegla en mikilvægt er að kennarinn sé meðvitaður um hvaða aðferðir hann ætlar að nota. Notkun fjölbreyttra aðferða í kennslu og endurtekningar gefa nemendum tækifæri til að kortleggja hvað þeir hafa lært og hvernig þeir geta notað það í lífi og starfi.

Í kafla tvö fjalla þeir Nate Furman og Jim Sibthorbt um upplifunarnám. Þar er fjallað um hvernig þjónustunám (*e. service learning*) og nám tengt ákveðnum vandamálum (*e. problem based learning*) geta verið árangursrík. Nate og Jim benda á heimspekinginn Dewey í þessu samhengi og kenningar hans um upplifunarnám (*e. learning by doing*) og hvernig það getur verið áhrifaríkt í yfirfærslu lærdóms. Í kaflanum er talað um mikilvægi þess að nemendur spegli sig, séu í samstarfi, fái endurgjöf og setji sér markmið. Farið er yfir ákveðna tækni auk þess sem gefnar eru hugmyndir að skilpulagninu kennslu með upplifun að leiðarljósi. Höfundar benda á að þær aðferðir sem einkenna upplifunarnám eru sjaldnar notaðir í kennslu og nefna þeir ástæðuna vera að slík kennsla krefst mikils skipulags og er tímafrek.


Nám sem byggir á lausn vandamála (*e. problem based learning; PBL*) er til umfjöllunar í kafla þrjú. Woey Hung fjallar um að nemendur eiga oft erfitt með að yfirfæra þekkingu og leysa vandamál þó svo þau tengist því sem þeir lærðu. Ástæðan gæti verið að kennsla er oft óhútbundin; bóknám sem byggir á kenningum og fræðum þar sem einungis eru gefin nokkur dæmi í kennslubókum til að leysa. Woey gerir grein fyrir mikilvægi þess að nemendur fái raunveruleg vandamál til að leysa, vandamál sem þeir hafa upplifað t.d. í eigin starfi. Hann greinir frá fimm einkennum PBL. Aðeins eru notuð raunveruleg og flókin vandamál til að

hjálpá nemendum að tengja fræðin við það sem gerist á vettvangi. Unnið er í litlum hópum og hlutverk kennara er að veita leiðsögn og aðstoða við lausnaleit.

Í kafla fjögur eru hugleiðingar um tækni í kennslu fullorðinna. Þar skilgreinir Patricia L. Hardré nokkrar leiðir hvað varðar tækni og hvað hentar hverju sinni. Hún fer yfir mikilvægi þess að greina nemendahópinn og aðstæður, hvað þarf að kenna og hvar til að skipuleggja kennslu á áreiðanlegan hátt. Hún talar um fjölbreytileika í kennslu en passa þarf að fara varlega af stað. Byggja þarf kennsluna upp þannig að nemendur finni fyrir öryggi, að tæknin sé þeim ekki ofviða og þeir finni að þekking þeirra og færni eykst stig af stigi.

Í kafla fimm greina þau Jacqueline McGinty, Jean Radin og Karen Kaminski frá því hvernig heilinn vinnur og hvernig sú vitneskja getur hjálpað kennurum að skipuleggja kennslu. Heilinn er náttúrliga byggður til að leysa vandamál. Heili sem er í stöðugri notkun lítur öðruvísi út en heili sem fær litla örvun eins og

Figure 5.1. The Difference Between a Neuron That Has Been Trained and One That Has Not.



Source: A. C. Lamont and G. M. Eadie (2011). Copyright 2011 by Healthy Memory Company Ltd. Reprinted with permission.

sjá má á meðfylgjandi mynd. Að skipuleggja umhverfi með fjölbreytni ýtir undir að heili fái tækifæri til náms (e. *brain – friendly learning environments*). Slíkt námsumhverfi þarf að byggja á nýjungum, örvun og tækifærum til að leysa vandamál. Huga þarf vel að öllu í námsumhverfinu, gefa nemendum tækifæri til að tjá sig, stilla borðum og stólum þannig að möguleiki sé á samvinnu, nota ýmis verkfæri s.s. minnismiða til að safna saman vitneskju, límmiða til að kanna líðan nemenda, setja vel skilgreind markmið, greina frá reglum um þátttöku og hvernig koma á fram við aðra til að koma í veg fyrir stress o.s.frv. Með fjölbreyttri kennslu þar sem reynsla og þekking er kölluð fram læra nemendur að þekkja sjálfan sig og verða betur í stakk búnir til að takast á við verkefni, byggja ofan á eigin þekkingu og tengja við eigið starf.

Rosemary Closson er höfundar kafla Fimm. Þegar fjallað er um einkenni nema er sjaldan gerð grein fyrir kynætti, þjóðerni eða menningu viðkomandi og áhrif þessa þátta á nám og yfirfærslu lærdóms. Það er mikilvægt að kennari sem kennir í fjölmeinnarlegum hóp sé meðvitaður um hvort og hvernig framangreindir þættir eigi eftir að hafa áhrif á kennslu og nám hópsins. Rannsóknir hafa sýnt að kennarar eru mis meðvitaðir um samsetningu nemendahópsins og áhrif hennar. Kennari sem gerir kennsluáætlun með fjölbreyttan nemendahóp í huga getur nýtt tónlist, myndir, frásagnir og fleira sem sýnir mun á menningu og/eða kynþætti en það er mikilvægt að kennarar og nemendur vandi sig til að koma í veg fyrir misskilning sem gæti leitt af sér t.d. ásakanir um rásisma.

Í Kafla sjö fjallar Jeani C. Young um hvernig yfirfærsla lærdóms leiðir til persónulegra breytinga. Hún fjallar um áætlanir, fyriráætlanir og viðnám. Nám fullorðinna snýst um breytingu á þekkingu og reynslu. Ferli náms byggir vitrænni reynslu, tilfinningum, umhverfisáhrifum auk reynslu eða örvun sem verður til þess að ákveðin breyting á sér stað; breyting á þekkingu, gildum og sýn á lífið. Jeani gerir grein fyrir tveimur aðferðum í fullorðinskennslu. Concern based adoption model (CBAM) er aðferð sem gerir ráð fyrri að breyting taki tíma, byggi á vinnusemi einstaklingsins, sé persónuleg og feli í sér þróun á færni og viðhorf. Þessi aðferð er jafnan notuð í formlegum námskeiðum eða framhaldsnámi. Theory of planned behavior (TPB) er oft notuð til að rannsaka breytingar sem orðið hafa hjá einstaklingum eftir að hafa sótt námskeið eða fræðslu sem tengjast heilsu, næringu, fíkniefnaneyslu eða sálrænum vandamálum. Aðferðin snýst um trú einstaklingsins á eigin getu til að fylgja eftir áætlunum sem hann hefur sett sér í samráði við ráðgjafa. Þessi aðferð tekst á við erfið mál þar sem einstaklingur þarf að setja sér markmið og breyta ákveðinni hegðun og/eða atferli. Sumir þátttakendur í námskeiðum vilja ekki eða eru hræddir við breytingar. Ástæðan fyrir því getur verið að viðkomandi hafi verið skikkaður í fræðslu, sé með lítið

sjálfstraust eða líkar ekki við kennarann. Að nota TPB getur verið gagnlegt til að ná til viðkomandi, virða viðhorf hans, styðja við uppbyggingu færni og efla sjálfstraust.

Í áttunda og síðasta kafla bókarinnar er að finna hugleiðingar um kennslu með áherslu á yfirfærslu lærdóms. Lesandinn fær tækifæri til að kafa dýpra í efni bókarinnar og gera æfingar. Lesandinn er hvattur til að hugleiða færni sína, hvernig hann getur skipulagt kennslu byggða á reynslu, gert kennsluna skilvirkari fyrir þátttakendur og þeir þar af leiðandi líklegri til að yfirfæra færnina á líf sitt og starf.

Ritstjórum tókst ágætlega að velja efni í bókina sem tengjast þeim markmiðum sem þeir settu sér. Bókin er vel sett upp að mínu mati, með góðum inngangi þar sem farið er yfir hugtök sem tengjast yfirfærslu lærdóms auk þess sem gerð er grein fyrir innihaldi hvers kafla fyrir sig. Lesa má bókina í heild eða velja kafla sem fangar lesandann eins og ritstjórar reyndar mæla með í innganginum og nota kafla átta til að hugleiða og skipuleggja æfingar.

Ég mæli með bókinni fyrir kennara sem lítið hafa lesið sér til um fullorðinsfræðslu og vilja læra hvernig áhrifarík kennsla hvetur til yfirfærslu lærdóms. Ritstjórar sjá til þess að lesandinn fær innsýn í nokkra mikilvæga þætti tengda efninu. Ekki er farið mikið á dýptina en hver kafli inniheldur vel skilgreindar aðferðir og efni auk þess sem vísað er í fræðinga á sviði fullorðinsfræðslu og rannsóknir henni tengdar. Bókin *Adult learning* eftir Sharan B. Merriam og Laura L. Bierema er góð bók til frekari ígrundunar á hvernig fullorðnir læra og skipulagningu náms (Merriam, D. B. og Bierema, L.L., 2014) Einnig vil ég benda á bókina *Working with experience*, ritstýrð af David Boud og Nod miller. Þar greinir Stephen Brookfield frá skipulagningu námsferils sem nefnist Good practices audit (GPA) og er þriggja þrepa ferli sem hjálpar sérfræðingum að kafa í eigin þekkingu og leita lausna við vandamálum (Brookfield, S., 1996, bls 27-40). Aðferðin svipar til Concern based adoption model (CBAM) sem Jeani greinir frá í kafla sjö hér að ofan.

Leiðbeiningar um ritun bókarýni fann ég á heimasíðu New Horizons in Adult Education and Human resource Development:

[http://onlinelibrary.wiley.com/journal/10.1002/\(ISSN\)1939-4225/homepage/ForAuthors.html](http://onlinelibrary.wiley.com/journal/10.1002/(ISSN)1939-4225/homepage/ForAuthors.html)



Höfundur er Drífa Þórarinsdóttir, leikskólakennari með M.Ed í uppeldis og menntunarfræðum með sérkennslu að sérsviði. Drífa er deildarstjóri í leikskólanum Tröllaborgum á Akureyri. Hún stundar nám á Menntavísindasviði HÍ, í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf.

Drífa Þórarinsdóttir, Vanabyggð 8b, 600 Akureyri. Netfang:dth33@hi.is. Sími 8651464.

Heimildaskrá:

Brookfield, S. (2003). Helping people learn what they do: breaking dependence on experts.

Í Boud, D. og Miller, N. (ritstj.) *Working with experience* (bls 27-40). London: Taylor and Francis. Sótt 5. apríl 2017 af:

<https://ebookcentral.proquest.com/lib/landsbokasafn/detail.action?docID=166904>

Colorado State University. Faculty and staff. Sótt 30. mars 2017 af:

<http://www.soe.chhs.colostate.edu/faculty-staff/>

Kaiser, L. M. R., Kaminski, K., Foley, J. M. (2013). *Learning Transfer in Adult Education: new directions for adult and continuing education*. New York: John Wiley & Sons.

Sótt 20. mars 2017 af:

<https://ebookcentral.proquest.com/lib/landsbokasafn/reader.action?docID=1158350>

Merriam, D. B. og Bierema, L.L. (2014). *Adult learning: Linking theory and practice*.

San Francisco: Jossey-Bass.